

176 verkfæra karlmannna á þeim aldri, sem tilskipunin tilgreinir, niður á menn eptir sömu reglum og aukaútsvarinu, þá væri það nú eptir sveitarstjórnartilskipuninni 4. maí 1872, 16. gr., hreppsnefndin, sem jafnaði niður vegabóttagjaldinu, sem hreppurinn á að nota til sýsluvegasjóðs samkvæmt tölu verkfæra karlmannna þar í hreppnum, á sama hátt og öðrum útgjöldum hreppsins, sem fátækrafundin og aðrar tekjur hreppsins eigi hrökkva fyrir, sbr. 19. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

21. Reikningur yfir tekjur og gjöld kvennaskólans á Laugalandi með fylgiskjöllum var fram lagður; reikningur þessi var endurskoðaður og ekkert að honum fundið.

22. Forseti fram lagði brjef sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, 23. janúar þ. á, viðvíkjandi athugasemd amtsráðsins við sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir 1880, en samkvæmt þeirri athugasemd átti eign til næsta árs að vera 152 kr. 27 aur., en ekki eins og sýslumaður hafði talið 148 kr. 59 aur. Sýslumaður álitur, að þetta væri ritvillu að kenna viðvíkjandi sölu á trjám nokkrum, sem notuð höfðu verið við brúna yfir Slenju haustið 1879 og sendir afskrípt af fylgiskjalinu. Við samanburð á fylgiskjalinu og afskríptinni sást nú, að 10. liður fylgiskjalsins var talinn 28 kr. 80 aur. í staðinn fyrir 24 kr. 80 aur. Við þetta verður heldur engin breyting á útgjaldalið 6 (sölu- og innköllunarlaunum) og er eign sjóðsins til ársins 1881 því 148 kr. 59 a.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

177 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlit með veiðimönnum frá Noregi. — Frá utanríkisstjórninni hefir borizt skýrsla um, að hinn konunglegi general-konsull í Niðarósi (Trondhjem) hafi vakið eptirtekt hennar á því, að enda þótt svo líti út, sem menn í norðurlands-amti hafi, eptir að hinar gildandi ákvarðanir um veiðiskap útlendinga við Ísland eru kunnar gjörðar Norðmönnum, hætt við að halda áfram að reka veiðiskap við strendur tjeðrar eyjar, sem þeir hafa áður gjört, þá sje hins vegar verið að gjöra út menn til veiða frá Björgvin og bæjunum þar fyrir sunnan, án þess vart verði við, að neinar aðrar ráðstafanir sjeu gjörðar.

Jafnframt og þetta er tilkynnt yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal þjónustusamlega á yður skorað, að brýna á ný fyrir lögreglustjórunum, sem í hlut eiga, að hafa nákvæmt eptirlit með því, að haldnar verði ákvarðanir þær, er gilda um aðgang útlendinga til veiðiskapar á Íslandi, samkvæmt fyrirmælum þeim, er um það eru gefin í brjefi ráðgjafans 7. febr. þ. á.

178 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um toll af «cider». — Í brjefi frá 24. júní þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá, að þjer hafið heimtað 5 aura aðflutningsgjald af hverjum potti af «cider», er rekið hafði í nokkrum ílátum af frönsku fiskiskipi, sem næstliðinn vetur strandaði fyrir Landeyjasandi, en með því að þjer sjálfir efizt um, að þetta sje rjett, hafið þjer spurt, hvort greiða skuli aðflutningsgjald af «cider», og ef svo skal vera, hve mikið gjald greiða skuli af hverjum pott.

Fyrir því vil jeg tjá yður, að þar sem «cider» sá, er hjer ræðir um, mun vera svaladrykkur, sem franskir sjómenn nota að sínu leyti, eins og norskir og danskir sjómenn hafa «skipsöl» sjer til hressingar, virðist liggja næst, eins og þjer hafið gjört, herra sýslumaður, að heimta sama toll af honum og af öli.